

Þriðjudaginn 13. febrúar 1968.

Nr. 161/1966. **Gunnlaugur Halldórsson og
Guðmundur Kr. Kristinsson og**
(Ragnar Jónsson hrl.)

Jón Eiríksson
(Kristján Eiríksson hrl.)

gegn

**Byggingasamvinnufélagi Reykjavíkur
og gagnsakir**
(Páll S. Pálsson hrl.)

og Byggingasamvinnufélag Reykjavíkur
gegn

**Byggi h/f (Gunnar Jónsson hrl.) og
Skiptaráðandanum í Reykjavík
f. h. þrotabús Verklegra Framkvæmda h/f.**

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Einar Arnalds, Gizur Bergsteinsson og
Logi Einarsson og prófessorarnir Ármann Snævarr og Magnús
Þ. Torfason.

Ábyrgð arkitekta, byggingameistara og verktaka
á byggingarframkvæmdum.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjendur Gunnlaugur Halldórsson og Guðmundur Kr. Kristinsson hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. ágúst 1966. Krefjast þeir sýknu af kröfum gagn-áfrýjanda, Byggingasamvinnufélags Reykjavíkur, og málskostnaðar úr hendi þess í héraði og fyrir Hæstarétti.

Aðaláfrýjandi Jón Eiríksson hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 3. október 1966 og krafizt sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 21. janúar 1967, að fengnu áfrýjunarleyfi 17. s. m. Gerir hann þær dómkröfur, að aðaláfrýjendur, Gunnlaugur, Guðmundur og Jón, og stefndu, Byggir h/f og þrotabú Verklegra framkvæmda

h/f, verði dæmdir til að greiða óskipt kr. 33.800.00 með 8% ársvöxtum frá 5. marz 1960 til 29. desember s. á., 7% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og með 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, kr. 10.000.00 í málskostnað í hér-aði og svo málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og máls-kostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi hans.

Staðfesta ber héraðsdóminn um stefnda þrotabú Verklegra framkvæmda h/f. Rétt þykir, að gagnáfrýjandi greiði þrota-búinu kr. 8.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Eins og rakið er í hinum áfrýjaða dómi, voru verulegir gallar á íbúð þeirri, sem mál þetta fjallar um. Sérstakrar einangrunar var þörf, þar sem geislahitalögn var í gólfplöt-unni. Í sérteikningu arkitektanna, aðaláfrýjenda Gunnlaugs og Guðmundar, var gert ráð fyrir, að 2.5 cm frauðsteypa yrði notuð sem einangrun á gólfin og 2 cm húðun þar ofan á, og dúkþykkt var áætluð 0.3 cm. Síðar var horfið frá að nota frauðsteypu sem einangrun. Um það segir svo í skýrslu arkitektanna: „Á sameiginlegum fundi með Ingvari Þórðar-syni, eftirlitsmanni Byggingasamvinnufélagsins, kom fram tillaga um að nota vikursandlögun á gólfin í íbúðarherbergji-unum. Voru þá gerðar nokkrar hellur úr vikursalla og sementi í tilraunaskyni, í blöndunarhlutföllum 1:4, 1:5, 1:6 og 1:8. Hellur þessar voru reyndar ca. viku gamlar á þann hátt, að kanti stólfótar var þrýst á þær með mannsþunga. Ekki markaði sjáanlega á þremur sterkustu hellunum, og var þá leitað álits Ólafs Jenssonar verkfræðings á einangr-unargildi þeirra. Talið var, að fullt styrkleikaöryggi og næg einangrun fengist með notkun á blöndunarhlutfalli 1:5, og var sú blanda því ákveðin til útfærslu. Ennfremur var talið rétt, að Ingvar Þórðarson ásamt múrarameistararum Jóni Eiríkssyni gengi úr skugga um gæði efnisins. Áherzla var lögð á, að þess yrði vandlega gætt að taka hitann af geisla-hitunarkerfinu, þar sem unnið væri og á meðan mesta hörðn-unin færi fram, en síðan væri hitinn settur á og smá auk-inn“. Aðaláfrýjandi Guðmundur hefur skýrt frá því, „að

sama þykkt á steypa gólflötu hafi átt að vera, þótt síðar yrði notuð vikursandlögun“. Segir hann, „að þeir arkitektarnir hafi gert ráð fyrir því, að þunnt þússningarlag kæmi ofan á vikurinn, ca. 1—2 cm þykkt“. Aðaláfrýjandi Gunnlaugur kveðst hafa reiknað með, að þykkt lagsins yrði um $1\frac{1}{2}$ —2 cm. Engin sérteikning var gerð af gólfinu, eftir að ákveðið hafði verið að nota vikureinangrun. Hinir dómkvöddu matsmenn, sem skoðuðu gólfið, segja í matsgerð sinni, að „til einangrunar hefur verið sett vikursteypa ofan á steinplötu, ca. 4 cm þykk og sléttuð. Hefur hún molnað og myndað polla og dældir í gólfið“. Í málinu hefur verið lagt fram sýnishorn af vikursteypu. Telur aðaláfrýjandi Gunnlaugur, að það sé af sömu gerð og vikursteypa sú, sem notuð var. Sýni þetta var lagt fyrir Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins, og í umsögn stofnunarinnar, sem dagsett er 12. janúar 1968, segir svo um sýnið:

„Sýni, lagt fram sem gagn nr. 31 í rétti, reyndist vega 468 g og rúmmál þess 530 ml. Rúmþyngd steypunnar er því um 880 g/l. Slíkar sandvikursteypur eru yfirleitt festulitlar, ca. 20—50 kg/cm². Kúlufarapróf framkvæmt á sýninu með Frank kúlufara (hálf t höggálag) sýndi eftirfarandi þvermál: 6.5, 7.2, 7.0, 7.2, 7.0, 7.5, 7.0, 7.2, 7.0, 7.0, eða meðalþvermál 7.05 mm. Prófið þetta, sem framkvæmt er eftir þýzkum stöðlum, DIN 4240, hæfir ekki til notkunar við svo veikt efni sem umrætt sýni, enda er talið, að meira en 5.5 mm þvermál, — en það samsvarar 42 kg/cm² meðalfestu — séu óáreiðanleg til festuákvarðana. Af þessu má sjá, að festa er miklu minni en 40 kg/cm² og sennilega ekki mikið yfir 20 kg/cm² í sýninu. Nú er ljóst eftir tilkomu „pinnahæla“, að álag á efnið, óvarið sem gólfefni, gæti numið margfeldi af þessari tölu, og virðist því ljóst, að efnið er of veikt. Hins vegar blasir við, að festa þess er nægileg undir 18 mm slitlagi — (sýnið reyndist 32 mm að þykkt, en gólfilagsþykkt skv. öðrum málsskjölum mun vera 50 mm).

Málsskjöl lýsa því, að nauðsynlegt var að nota blautari hræru í ilögnina en notað var í sýnið. Þetta táknar að öðru jöfnu, að ilögnin er veikari en sýnið, þar sem styrkleiki

steypu stendur í beinu hlutfalli við vatns/sementshlutfallið“.

Eins og áður er greint, var vikureinangrunin mjög gölluð. Aðaláfrýjendurnir Gunnlaugur og Guðmundur sögðu fyrir um efni og blöndun nefndrar einangrunar og ákváðu þykkt slitlagsins ofan á vikrinum. Þessi einangrunaraðferð við geislahitalögn var þeim lítt kunn, eins og tilraunir þeirra bera með sér. Þrátt fyrir það fylgdust þeir frá upphafi eigi sem skyldi með framkvæmd verksins og hvernig einangrunin reyndist, þá er á hólminn kom. Aðaláfrýjandinn Jón Eiríksson múrarmeistari hafði verkið á hendi. Honum var ljóst, að einangrunin fullnægði eigi þeim gæðaskilyrðum, sem gera bar til hennar. Ingvar Þórðarson trésmíðameistari fór með verkstjórn á heildarframkvæmdum byggingarinnar fyrir hönd stefnda Byggis h/f og annaðist kaup á vikursalla þeim, sem notaður var í einangrunina, en lét hvorki kanna gæði vikursins, svo sem arkitekarnir kváðust hafa gert ráð fyrir, né hafði nægilegt eftirlit með framkvæmd verksins. Af hendi allra aðaláfrýjenda og stefnda Byggis h/f hefur samkvæmt framansögðu verið sýnd vangæzla við undirbúning og framkvæmd vikureinangrunarinnar og eftirlit með henni, og verða þeir því að bera óskipt fjárábyrgð á tjóni gagnáfrýjanda.

Í héraði var því eigi hreyft af hálfu aðaláfrýjenda og stefnda, að krafa gagnáfrýjanda væri fallin niður fyrir fyrningu eða vangeymslu. Koma því þessar málsástæður eigi til álita hér fyrir dómi.

Samkvæmt þessu verða aðaláfrýjendur og stefndi Byggir h/f óskipt dæmdir til að greiða dómkröfur gagnáfrýjanda ásamt þeim vöxtum, sem krafizt er, og svo málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 20.000.00.

Dómsorð:

Stefndi þrotabú Verklegra framkvæmda h/f skal vera sýkn af kröfum gagnáfrýjanda, Byggingasamvinnufélags Reykjavíkur, í máli þessu, sem greiði þessum stefnda kr. 8.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Aðaláfrýjendur, Gunnlaugur Halldórsson, Guðmundur Kr. Kristinsson og Jón Eiríksson, og stefndi Byggir h/f greiði óskipt gagnáfrýjanda kr. 33.800.00 með 8% ársvöxtum frá 5. marz 1960 til 29. desember s. á., 7% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, kr. 10.000.00 í málskostnað í héraði og svo málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 20.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 4. júlí 1966.

Mál þetta, sem dómtekið var 27. f. m., hefur stjórn Bygginga-samvinnufélags Reykjavíkur fyrir hönd félagsins höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 27. febrúar 1964, á hendur Byggi h/f, Verklefum framkvæmdum h/f, arkitektunum Gunnlaugi Halldórssyni og Guðmundi Kr. Kristinssyni, Laufásvegi 18 A, og Jóni Eiríkssyni múrarameistara, Urðarstíg 15, öllum í Reykjavík, til greiðslu in solidum á skaðabótum að fjárhæð kr. 38.400.00 með 8% ársvöxtum frá 15. nóvember 1957 til greiðsludags svo og kr. 4.100.00 í matskostnað auk málskostnaðar að skaðlausu.

Allir stefndu hafa krafizt sýknu af dómkröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi að skaðlausu.

Stefnandi lýsir málsatvikum á þessa leið: „Á árinu 1957 lét stefnandi reisa vegna félagsmanna sinna fjölbýlishúsið Kleppsvegur 8-10-12-14-16 í Reykjavík. Í húsinu eru 12 fjögurra herbergja íbúðir, 12 þriggja herbergja íbúðir og 8 tveggja herbergja íbúðir, eða alls 32 íbúðir.

Eftir að íbúðirnar voru fullgerðar, tilteknir félagsmenn hlotið þær og farið að búa í þeim, komu í ljós byggingargallar, og hafa áhrif þeirra farið vaxandi með ári hverju. Íbúðarhafar undu þessu illa, og eftir nokkrar viðræður milli stjórnar húsfélagsins og stjórnar stefnanda varð sameiginlegt álit þessara aðilja, að beina yrði bótakröfum á hendur þeim, sem byggðu húsið og báru faglega ábyrgð á verkinu. Féllst stjórn stefnanda á vegna hlutað-

eigandi félagsmanna í heild að sækja málið í hendur viðsejendum sínum um bygginguna, þar eð þessum aðiljum hefði borið að gera bygginguna sómasamlega úr garði.

Til þess að fylgja málinu fram réð stefnandi lögmann. Að ósk hans athugaði formaður húsfélagsins, Jens Hólmgeirsson, allar íbúðirnar og gaf skýrslu til bráðabirgða, dags. 3. des. 1962, um ástand íbúðanna, að því er snerti meinta byggingargalla. Beindust athuganir hans einkum að tvennu, sem mest hafði borið á: Skemmdum á einangrunarlagi á gólfum og leka frá þaki og með útveggjum.

Skýrsla hans sýndi, að flestöllum íbúðunum var vant úrbóta vegna gólfskemmda eða leka eða vegna beggja þessara ástæðna. Varð að ráði, að ein íbúðanna, íbúð Andrésar Gilssonar að Kleppsvegi 10 á 2. hæð til hægri, skyldi sérstaklega tekin sem sýnishorn til skoðunar og mats dómkvaddra manna. Þess síðan leitað að ná samkomulagi við byggjendur hússins um bótageiðslur vegna vansmíði og efnisgalla. Ef samkomulag næðist ekki, skyldi farið í prófmál fyrir dómstólum vegna íbúðar Andrésar Gilssonar og að þeim úrslitum fengnum leitað samkomulags eða dóms um bætur vegna sannanlegra byggingargalla annarra íbúða sambýlishússins á sama grundvelli.

Að beiðni lögmannsins í umboði stefnanda voru 2 matsmenn dómkvaddir hinn 26. marz 1963. Þeim var falið að meta, hvað kosta mundi að lagfæra gólf íbúðarinnar, en skemmda hafði orðið vart í einangrunarlagi á gólfum flestra herbergja, og sums staðar kom sementsryk upp um samskeyti á gólfdukk. Í öðru lagi var matsmönnum falið að meta, hvað kosta mundi að fyrirbyggja raka, sem vart hafi orðið við á gólfum íbúðarinnar, og hvað kosta mundi að bæta úr gólfdukk af þessum sökum. Í 3.—5. lagi skyldu matsmenn meta meinta galla varðandi tengingu eldavélar, smíði og frágang hverfiglugga, hve mikið ætla meg, að íbúðin lækki í verði á almennum húsamarkaði vegna gallanna og hve hæfilegt sé, að íbúðareigandi fái í bætur fyrir óþægindi, á meðan viðgerð stæði yfir.

Hinn 1. nóvember 1963 skiluðu matsmenn matsniðurstöðu. Þó að stefnandi sé henni ekki sammála um allt, er matsgerðin lögð hér til grundvallar og stefndu sóttir til saka í máli, að því er snertir aðalbyggingargalla íbúðarinnar, vegna skemmda á einangrunarlagi á gólfum og kostnaðar, er af því leiðir, beint og óbeint. Niðurstaða matsmanna að þessu leyti var skv. sérstakri sundurliðun kr. 38.400.00, en matsmenn töldu, að úrbætur allra

ágalla nemi kr. 39.500.00. Reikningur matsmanna hljóðaði á kr. 2.600.00, og fyrir lögfræðilega aðstoð við matsbeiðni reiknar lögmaður stefnanda sér kr. 1.500.00, svo að matskostnaður reyndist alls kr. 4.100.00. Stefnukröfurnar eru í samræmi við aðallið mats og málskostnaðarliðina“.

Stefndi Gunnlaugur Halldórsson hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að um sumarið 1955 hafi Borgþór Björnsson átt tal við þá arkitektana um teikningar að hér umræddu fjölbýlishúsi og falið þeim að vinna verkið. Hafi þeir ekki átt að hafa daglegt eftirlit með byggingunni, þar sem Byggir h/f mundi sjá um að koma byggingunni upp. Hafi þeir bæði gert aðalteikningar og sérteikningar. Þar sem byggingin átti að vera hituð upp með geislahitun og því nauðsyn að setja hitaeinangrun ofan á gólfin í íbúðunum, hafi þeir gert ráð fyrir frauðsteypu sem einangrun. Frá því hafi síðar verið horfið og á sameiginlegum fundi hafi komið fram tillaga frá Ingvari Þórðarsyni, eftirlitsmanni byggingarinnar, að nota vikursandlögum ofan á gólfin. Hafi þá verið gerðar nokkrar hellur úr vikursalla í tilraunaskyni í blöndunarhlutföllunum 1:4, 1:5, 1:6 og 1:8. Hellur þessar hafi síðan verið reyndar um viku gamlar á þann hátt, að kanti stólfótar var þrýst á þær með mannsþunga. Ekki hafi markað sjáanlega á þremur sterkustu hellunum. Hafi þá verið leitað álits Ólafs Jenssonar verkfræðings á einangrunargildi þeirra. Talið hafi verið, að fullt styrkleikaöryggi og næg einangrun fengist með notkun á blöndunarhlutfalli 1:5 og hafi sú blanda verið ákveðin til útfærslu. Hafi Ingvari Þórðarsyni og múrarameistarar, Jóni Eiríkssyni, verið falið að ganga úr skugga um gæði efnisins. Hafi og verið áherzla á það lögð, að þess yrði vandlega gætt að taka hitann af kerfinu, þar sem unnið væri og á meðan mesta hörðunin færi fram, en síðan væri hitinn settur á og smá aukinn. Gunnlaugur kvað í teikningu hafa verið gert ráð fyrir um 5 cm gólflagi með dúk, enda hafi það takmarkast af dyraopi. Hann kvað þá arkitektana hafa gert ráð fyrir svokallaðri „sandlögum“ (slitlagi) ofan á vikurinn og að það yrði í þynnra lagi. Hafi þeir reiknað með, að þykkt þess yrði ca. 1½—2 cm. Hann kvað frauðsteypu vera lagða á mjög svipaðan hátt og hér umrætt efni. Frauðsteypa sé miklu veikara efni en vikurlagið og hefði því þurft sterkara slitlag en vikurlagið. Kvað Gunnlaugur Borgþór Björnsson hafa talið sig hafa slæma reynslu af frauðsteypu og því viljað reyna nýjar aðferðir og efni í þeim tilgangi að betrumbæta eldri aðferðir og mæta nýjum þörfum. Í hér umræddu tilviki hafi þeir talið sig

með prófunum hafa náð góðum árangri varðandi styrkleika og einangrunargildi. Gat hann þess, að í slíkum tilfellum sé um að ræða samvinnu arkitektanna og hinna ýmissu fagmanna við bygginguna. Hann kvað þá arkitektana oft hafa komið á staðinn til að fylgjast með verkinu almennt, þótt þeir hafi ekki haft daglegt eftirlit. Hafi þeir þá oft rætt við hina ýmsu fagmenn byggingarinnar, en þó aðallega við Ingvar Þórðarson. Gunnlaugur mót-mælti því að hafa gefið múrarameistaranum, stefnda Jóni, þau fyrirmæli, að aðeins skyldi holufylla vikurlagið, enda gæti slík holufylling aldrei kallast slitlag í merkingu þess orðs. Hann kvað þá Jón hafa rætt saman um gerð ílagnarinnar og hafi Gunnlaugur þá talað um, að slitlagið yrði í þynnra lagi, ca. 1½ til 2 cm, eins og áður segir, og að sjálft vikursandlagið yrði takmarkað að þykkt við það (slitlagið). Hann kvað þá arkitektana hafa verið vissu um það, að þeir væru starfsmenn stefnanda, enda hafi þeir fengið laun sín hjá honum. Hins vegar hafi Borgþór Björnsson falað þá til starfans.

Stefndi Guðmundur Kr. skýrði efnislega frá á sama veg fyrir dómi og stefndi Gunnlaugur hér að framan. Hann kvaðst eigi minnst þess að hafa gefið múrarameistaranum nein fyrirmæli um framkvæmd verksins. Kvaðst hann ekki hafa haft önnur afskipti af því en að stuðla að því að láta gera umræddar prufur, en þær hafi Ingvar Þórðarson látið gera. Hann kvað þá arkitektana yfirleitt hafa haft samband við Ingvar Þórðarson um útfærslu á verkum, en þá er þeir fari til eftirlits, þá tali þeir einnig við þá aðilja, sem verkin vinna. Hins vegar hafi þeir ekki verið ráðnir til að hafa á hendi daglegt eftirlit, en í slíkum tilfellum þá sé eftirlitsmaður yfirleitt á vegum arkitektsins.

Stefndi Jón Eiríksson, múrarameistari hússins, kvaðst ekki áður hafa lagt í gólf með frauðsteypu. Hins vegar hafi hann lagt vikur í gólf, svipaðan og hér um ræðir, en þá hafi hann haft ca. 2 cm slitlag ofan á, en í þeim gólfum hafi þó ekki verið geislalögn. Í hér umrætt sinn hafi hann einnig talið þörf á slíku slitlagi og hafi hann sagt stefnda Gunnlaugi það. Gunnlaugur hafi hins vegar fyrirskipað, að aðeins skyldi holufylla vikurlagið, þ. e. að fylla upp holur og slétta gólfið, svo að það væri fallegra áferðar. Hann kveðst hafa gert prufurnar að vikursteypunni að fyrirlagi Ingvars Þórðarsonar, sem verið hafði eins konar eftirlitsmaður með byggingunni. Hafi hann gert prufurnar þannig, að vikurlagið hafi verið sett á smámót, ca. 30—40 cm á annan veginn og ca. 20 cm á hinn veginn og ca. 3 cm þykkt. Hafi vikursteypan

verið barin í mótunum til þess að þjappa hana saman. Hafi Gunnlaugur ráðið því, í hverjum blöndunarhlutföllum þrífurnar skyldu gerðar, og einnig hafi hann ráðið því, hvert blöndunarhlutfall var notað. Jón kvað Ingvar Þórðarson hafa mælt hæðina á gólfunum, en ekki fyrirskipað tilhögunina á verkinu, en hins vegar fylgzt með framkvæmd þess. Hann kvaðst hafa fylgzt með því, að ilögnin í gólfin hafi verið barin, en ógerningur sé hins vegar að berja ilögnina eins vel og í þrífumótin, þegar lagt sé í heil gólf. Af þeim sökum hafi ilögnin í gólfunum ekki verið eins hörð og í þrífumótunum. Hann kvaðst hafa fylgzt með því, að rétt blöndun hefði verið viðhöfð á vikurlaginu, og kvaðst hann ekki hafa orðið þess var, að nokkur ágalli hefði verið á blöndunni. Hann kvað gólfin hafa verið hreinsuð, áður en ilögnin fór fram, sópuð og þvegin með vatni. Hafi geislahitunin verið tekin af, daginn áður en lagt var í gólfin, og ekki sett á aftur fyrr en 4 dögum á eftir, og kvaðst hann hafa séð um það. Jón kvað þá múrarana hafa fundizt of fljótt hafa verið farið að vinna á gólfunum og hafi þeir orðið þess varir, að gólfin spörkuðust upp. Hafi þeir sett krossvið á gólfin af þessum sökum, þar sem þeir töldu mest á þeim gengið. Hafi umgangurinn aðallega verið af trésmiðunum og öðrum þeim, sem í íbúðunum þurftu að vinna. Hafi hann og Ingvar Þórðarson rætt saman um þetta og hafi Ingvar verið sammála um það, að of fljótt væri farið inn á gólfin. Hafi hann og aðstoðað við að setja krossviðarplöturnar á gólfin. Hafi Ingvar sagt íbúðareigendurnar hafa rekið svo á eftir verkum við þær, að hann sæi sig tilneyddan að fara svo fljótt inn á gólfin. Hann kvaðst ekki hafa orðið þess var, að skemmdir á gólfunum hafi orðið meiri á einum stað en öðrum, og áður en dúklagt hafi verið, hafi hann gert við allar skemmdir, hvar sem þær fyrirfundust. Minnti hann, að íbúð sú, er mál þetta tekur til, hafi verið ein sú fyrsta, sem farið hafi verið að vinna í, eftir að lagt var í gólfin.

Borgþór Björnsson, framkvæmdastjóri stefnda Byggis h/f, hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að í Byggi h/f eigi SIBA, sem er sameign 27 byggingasamvinnufélaga á Íslandi, um 90% hlutfjárins. Einnig eigi þar sérstaka hluti Byggingafélag starfsmanna ríkisins og stefnandi máls þessa. Hann kvað Byggi h/f ýmist hafa tekið að sér byggingar fyrir stefnanda eða haft á hendi fyrirgreiðslu um útvegum efnis og ráðningu starfsmanna við byggingar í samráði við stefnanda. Við hér umrædda byggingu hafi síðari hátturinn verið hafður á. Stefnandi hafi sjálfur ráðið

arkitekta og verkfræðinga, en síðan Byggir h/f ráðið fagvinnu-hópa og séð um útvegum á efni. Hafi Byggir h/f fengið kr. 2.500.00 á hverja íbúð í húsinu fyrir starf þetta, en sú þóknun sé langt undir taxta verktaka. Er Byggir h/f hafi tekið að sér byggingar fyrir stefnanda, hafi verið greitt kr. 4.000.00 fyrir hverja íbúð. Hann kvað stefnanda sjálfan hafa annast um greiðslu vinnulauna til starfsmanna við bygginguna og séð um útreikning á þeim. Hann kvað engan sérstakan eftirlitsmann hafa verið við bygg-inguna, hvorki af hálfu Byggis h/f né stefnanda. Ingvar Þórðar-son hafi verið yfirmsiður við bygginguna og sem slíkur verið yfirmaður um framkvæmd hennar. Borgþór kvað um það hafa verið rétt á fundum með stjórn stefnanda, arkitektum, verk-fræðingum og honum, hvað nota skyldi á gólfum til einangrunar. Hafi það verið ákvörðun verkfræðings og arkitekta að nota vikur, að því er hann taldi, en sjálfur kvaðst hann enga ákvörðun hafa um það tekið. Kvaðst hann ekki hafa fylgt með, er vikurlönd-urnar voru prófaðar né heldur, er gólfur voru lögð. Gat hann þess, að helzt hafi komið fram gallar í gólfum í þeim íbúðum, sem fyrst var farið að vinna í við innréttingar, en það benti til þess, að vikurlagið hafi ekki verið búið að fá fulla herzlu.

Ingvar Þórðarson, trésmíðameistari hússins, hefur skýrt svo frá, að hann hafi talið sig starfsmann Byggis h/f, en hins vegar hafi allir launaútreikningar og launagreiðslur verið gerðar hjá stefnanda og einnig hafi stefnandi greitt tryggingargjöld öll af starfsmönnum. Jafnframt hafi starfsmennirnir allir við bygg-inguna gefið stefnanda upp sem launagreiðanda á skattskýrslum. Kvað hann í starfi sínu hafa innifaligt verkstjórn um heildarfram-kvæmd byggingarinnar. Hann kvað arkitektana hafa gefið fyrir-mæli um að gera vikurlönduprufurnar og hafi þær að öllu leyti verið gerðar eftir þeirra fyrirsögn. Kvaðst hann hafa verið við-staddur, er prufurnar voru reyndar. Hafi hann og múrarameist-arinn farið með þær í teiknistofu arkitektanna og hafi þeir gert styrkleikaprufur á þeim með því að láta stólfætur standa á þeim. Hafi arkitektarnir síðan ákveðið, hver af prufunum skyldi notuð. Er prufurnar hafi verið gerðar, hafi blandan verið sett í mótin með skóflu eða múrskelið, jöfnuð í þeim og síðan strokið yfir með lista. Kvaðst hann ekki hafa betur séð en að eins hafi verið lagt í mótin við prufurnar eins og þegar lagt er í gólf. Ingvar kvað vikursallann hafa verið keyptan hjá Korkiðjunni og muni hann vera frá Eyrarbakka. Hafi Korkiðjan fullvissað hann um það, að vikursallinn væri salt- og sýrulaus, en sjálfur kvaðst hann ekki

hafa prófað hann að því leyti. Hann kvað hæð gólfa takmarkast nokkuð við hæð dyra, og hafi hann mælt hæð gólfanna. Samkvæmt teikningu hafi verið ráð fyrir því gert, að ílegg og pússning á það yrði um 4 cm á þykkt. Hafi sú þykkt allsstaðar náðst og sums staðar hafi hún verið meiri. Ekki kvaðst hann muna, hver fyrirmæli arkitektanna hafi verið um gerð slitlagsins, en ofan á vikurlagið hafi verið smurt þunnt slitlag. Hann kvað múrarana hafa séð um það að taka hitann af, áður en lagt var í gólfin, og eins að setja hann á aftur síðar. Hafi enginn hiti verið á í nokkra daga. Ingvar kvað hann og Jón Eiríksson munu hafa tekið ákvörðun um það, hvenær fara mætti inn á gólfin, og hafi ekki verið farið fyrr inn á hér umrædd gólf en venjulega, nema síður væri. Hafi hann talið gólfin þá hafa verið orðin nægjanlega þurr. Hins vegar hafi þeir sett undir hefilbekki og aðrar vinnuvélar, svo sem oft tíðkast, en í hér umræddu tilviki hafi þeir verið sér þess meðvitandi, að gólfin hafi ekki verið eins hörð og við venjulega ílögn og slitlag. Hann kvað þá hafa orðið vara við slit á gólfum í tveim íbúðum, en þau gólf hafi verið notuð undir efni, sand og til að hræra á. Hafi því ekki verið talið óeðlilegt, að slit kæmi þar fram og hafi íbúðareigandi annarrar íbúðarinnar fengið „alabastine“ hjá félaginu til þess að gera við gólfin þar. Að öðru leyti hafi galla á gólfunum ekki orðið vart, fyrr en eftir að dúkur var á þau kominn. Kvaðst hann í einu herbergi hafa tekið upp dúkinn og hafi það gólf verið með pollum á við og dreif og vikurinn verið þar molnaður. Kvaðst hann hafa gert við þetta með því að hreinsa upp það, sem laust var, og setja steypublöndu í staðinn.

Eins og fyrr greinir, fékk stefnandi dómkvadda matsmenn til að meta til fjár, hvað kosta mundi að bæta úr göllum á íbúð þeirri, sem mál þetta fjallar um. Í matsgerð þeirra, dags. 1. nóvember 1963, er sundurliðað, til hvers mat þeirra tekur. Er þar í fyrsta lagi skemmdir á gólfunum, en um það segja matsmennirnir: „Hitalögn er í gólfi, „geislahitun“, og til einangrunar hefur verið sett vikursteypa ofan á steinplötu, ca. 4 cm þykk og sléttuð. Hefur hún molnað og myndað polla og dældir í gólfið. Sjáum við ekki annað ráð en taka dúkinn upp og fjarlægja vikurinn og setja í staðinn einangrunarlag, t. d. kork, vírnet og múrhúð, og má sennilega nota gólfdukinn að miklu leyti aftur“. Samkvæmt sérstakri sundurliðun, dskj. nr. 31, meta þeir þennan lið með kr. 26.800.00. Í annan stað meta þeir lagfæringar vegna raka, tengingar á eldavél og þéttilista á glugga með samtals kr.

5.700.00 og í þriðja lagi röskun vegna viðgerða, sem þeir telja muni vera tveir mánuðir, með kr. 7.000.00.

Fyrir dómi kvað annar matsmanna, Ásmundur Ólason, ástæður fyrir því, hvernig gólfín fóru, geta verið margvíslegar. Kvað hann það hafa verið vikurmillilagið undir múrhúðuninni, sem hafi gefið sig, og geti ástæður verið þær t. d., að blandan hafi verið of veik, laginu hafi ekki verið haldið röku og þar af leiðandi ofþornað og einnig að það hafi ekki bundizt gólfínu nógu vel vegna vanrækslu á hreinsun gólfanna. Kvað matsmaðurinn persónulega hafa haft slitlag gólfsins þykkara, ef hann hefði átt að vinna verkið, og hefði hann sem múrarameistari neitað að hafa slitlagið svo þunnt, ef hann hefði fengið fyrirmæli um slíkt. Ef slitlagið eigi að vera svo þunnt sem lýst sé, þá hefði vikurlagið þurft að vera mjög sterkt, en þá hefði einangrunargildi þess minnkað.

Hinn matsmaðurinn, Magnús Vigfússon, taldi fyrir dómi aðalástæðuna fyrir því, hvernig fór, hafa verið þá, að gólfín hafi verið gengin of mikið, áður en dúkur var á þau lagður, eða orðið fyrir slæmri meðferð á annan hátt. Þó vildi hann ekki fullyrða, að þetta væri eina ástæðan. Hann kvað vikurgólf ekki vera eins hörð og steinn og þar af leiðandi þurfi að gæta þeirra sérstaklega í meðferð. Hann kvað það vera venju, þá er geislahitun er og vikur notaður, að setja slitlag yfir, holufylla og slétta með sterkri lögun, þannig að það myndi skel yfir vikurinn.

Stefnandi reisir kröfur sínar á því, að gólf íbúðarinnar séu gölluð, en á þeim göllum beri stefndu fébótaábyrgð. Eigi sé hægt að benda á eina ákveðna ástæðu fyrir göllunum, heldur sé þar um að ræða fleiri samverkandi ástæður. Komi þar helzt til, að einangrunarlagið hafi verið of veikt, framkvæmd verksins hafi ekki verið svo sem vera bar og meðferðin á gólfunum eftir ílögnina hafi ekki verið með þeim hætti sem skyldi. Af þessum sökum telur stefnandi rétt að stefna öllum hinum stefndu in solidum. Hefur stefnandi sundurliðað kröfur sínar þannig:

1. Lagfæringar á gólfum íbúðarinnar kr. 26.800.00
2. Lagfæringar á málningu — 4.700.00
3. Húsnaðisröskun, meðan á viðgerð stendur . . — 7.000.00

Samtals kr. 38.500.00

Stefndi Verklegrar framkvæmdir h/f reisir sýknukröfu sína þeim rökum, að hann hafi eingöngu haft á hendi teikningar á

hitalögn og járnlögn byggingarinnar. Hafi hann fylgzt með framkvæmd þeirra verka, eins og venja er. Önnur afskipti hafi hann ekki haft af byggingu hússins. Hér umræddir gallar hafi því á engan hátt átt rætur að rekja til verka hans við bygginguna.

Sýknukrafa stefnda Byggis h/f er á því byggð, að hann hafi ekki verið verktaki við nefnda byggingu né séð um bygginguna að öðru leyti. Hann hafi tekið að sér fyrir stefnanda að sjá um ráðningu vinnuflokka og útvegum á efni. Hafi þeir vinnuflokkar verið á vegum stefnanda sjálfs, sem hafði veg og vanda um bygginguna. Hafi Byggir h/f og eingöngu fengið ákveðna þóknun fyrir verk sitt, en ekki tekið greiðslu frá stefnanda sem verktaki.

Stefndi Jón Eiríksson byggir sýknukröfu sína á því, að gallar þeir í gólfum íbúðarinnar, sem fram komu, verði ekki raktir til mistaka af hans hálfu eða starfsmanna þeirra, sem hann beri ábyrgð á. Það hafi verið arkitektinn, meðstefndi Gunnlaugur Halldórsson, sem hafi gefið fyrirmæli um tilhögun alla við verkið. Hafi Gunnlaugur fyrirskipað, hvernig blöndun skyldi vera, og einnig hafi hann fyrirskipað, að aðeins skyldi holufylla vikurlagið þrátt fyrir það, að hann hafi áður sagt Gunnlaugi, að hann teldi nauðsyn bera til þess að hafa slitlag ofan á vikurlaginu, sem væri að minnsta kosti um 2 cm þykkt. Hafi hann við verkið að öllu leyti farið að fyrirmælum arkitektsins.

Stefndi Guðmundur Kr. og stefndi Gunnlaugur reisa sýknukröfu sína á því, að margnefndir gallar í gólfunum verði á engan hátt raktir til arkitektastarfa þeirra við bygginguna eða vanrækslu þeirra í því sambandi. Upphaflega hafi þeir í teikningum sínum gert ráð fyrir því, að frauðsteypa yrði notuð sem einangrun á gólfinn og 2 cm slitlag þar ofan á. Borgþór Björnsson hafi hins vegar talið sig hafa slæma reynslu af frauðsteypu. Hafi þá verið rætt um að nota Linotol í staðinn, en það hafi síðar verið talið of dýrt. Hafi þá verið ákveðið að nota vikurblöndu, eftir að reynsla með prufur hafi sýnt, að slík einangrun væri nægjanlega sterk, ef í gólfinn yrði lagt sams konar efni og í réttum styrkleikahlutföllum og prufurnar voru gerðar úr. Hafi þeir og gefið múrarameistarann fyrirmæli um ákveðið slitlag ofan á vikurlagið, og mótmæla þeir því eindregið að hafa gefið fyrirmæli í þá átt, að aðeins skyldi holufylla vikurlagið. Þeir hafi og ekki haft á hendi daglegt eftirlit með framkvæmd byggingarinnar, enda ekki ráðnir til þess að hafa á hendi slíkt eftirlit.

Eins og fram kemur af gögnum málsins, þá er það viðurkennt

af stefndu, að gólfín í íbúð þeirri, sem mál þetta fjallar um, séu að verulegu leyti gölluð, með því að í þau hafi myndast pollar. Það er einróma álit hinna sérfróðu meðdómenda, að gallinn eigi rætur að rekja til framkvæmdar á verkinu við ílögnina. Sé þar fyrst og fremst um það að ræða, að ekki var sett slitlag ofan á vikureinangrunina, en einnig komi þar til, að hiti hafi verið settur of fljótt á miðstöðvarkerfið og þá of mikill, þannig að vikureinangrunin hafi ofþornað, enda og ekki verið fylgzt með því að halda henni rakri við þornunina. Stefndi Jón var múrsmiður við bygginguna og vann verk þetta ásamt starfsmönnum sínum. Gegn eindregnum mótmælum þykir hann ekki hafa fært að því sönnur, að hann hafi af arkitektinum fengið fyrirmæli um það að hafa ekki slitlag ofan á vikureinangruninni. Verður því að telja hann ábyrgan á framkvæmd verksins og því bóta-skyldan gagnvart stefnanda á tjóni því, sem hann varð fyrir vegna gallanna.

Hins vegar ber á það að líta, að breyting var gerð á ílögn gálfanna frá því, sem í upphafi var ákveðið. Arkitektarnir ákváðu blöndunarhlutföll við þrúfurnar, könnuðu styrkleika þeirra og mæltu fyrir um það síðar, í hverjum hlutföllum vikureinangrunin skyldi höfð á gólfunum. Kemur og fram, að um það hafi verið rétt, að slitlag skyldi haft í þynnra lagi, og enn fremur, að sérstök gát skyldi viðhöfð við þornun. Arkitektarnir voru þannig að nokkru leyti ákvörðunaraðilar um framkvæmd verksins. Þegar það er virt svo og það, að um var að ræða nýja og óþekkta aðferð, og að verkkaupi hafði ekki fyrirfram samþykkt þá tilhögun, þá þykir verða að telja, að þeim hafi borið að líta eftir framkvæmdum í upphafi og fylgjast með, að svo færi fram sem þeir töldu þurfa. Af þessum sökum verður að telja þá bera fébóta-ábyrgð gagnvart stefnanda vegna framangreindra galla in solidum með stefnda Jóni.

Ekki verður séð, að umræddir gallar á gólfunum eigi rætur að rekja til verka Verklegra framkvæmda h/f og Byggis h/f við bygginguna. Ber því að taka sýknukröfu þeirra til greina, að því er þá galla varðar.

Svo sem fram kemur hér að framan, meta hinir dómkvöddu matsmenn kostnað við að lagfæra gólfín í íbúðinni kr. 26.800.00 og húsnæðisröskun af þeim sökum kr. 7.000.00. Gera matsmennirnir þá ráð fyrir því, að skipt verði um einangrunarlag í gólf-unum og dúkurinn notaður að miklu leyti aftur. Álíta þeir, að

ekki verði hægt að búa í íbúðinni í 2 mánuði, meðan viðgerð fer fram.

Dómendur hafa kannað vettvang. Kom þá í ljós, að nýlega hefur verið gengið frá því að laga umrædd gólf. Voru þau öll lögð eikarparket, en áður hafði verið fjarlægð allt úr ilögninni, sem laust var, og sementslög sett í staðinn. Ljóst er, að aðferð þessi til lagfæringa kemur að fullum notum, en hún er allmiklu dýrari en aðferð sú, er hinir dómkvöddu matsmenn benda á. Eru dómendur og sammála um það, að önnur aðferð til lagfæringa muni ekki verða ódýrari. Þykir því bera að leggja niðurstöðu matsmanna til grundvallar dómi í málinu. Og þar sem fjárhæðum samkvæmt matsgerð hefur eigi verið hnekkð, verða þær teknar til greina, að því er varðar gallana í gólfunum.

Í annan stað er í kröfugerð stefnanda bætur fyrir galla vegna raka, sem var í „gólfum íbúðarinnar“. Um það atriði segir svo í matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna: „Raka, sem vart hefur orðið í íbúðinni, er búið að laga, og metum við það ekki“. Hins vegar kveðast þeir meta gólfduki til verðs. Í sundurliðun á matsfjárhæðum er þessi liður talinn vera lagfæring á málningu að fjárhæð kr. 4.700.00. Í málinu kemur hvergi fram, um hvers konar galla hér sé að ræða né grein gerð fyrir því, hvert rekja megi orsakir. Af upplýsingum, er dómendur fengu á vettvangi, mun hér vera um að ræða raka, sem vart varð frá glugga í íbúðinni, sem nær alveg niður að gólfi, en skemmdir sáu þá dómendur eigi. Þar sem ekki er í ljós leitt, að hér sé um að ræða galla, sem rekja megi til verka stefndu við bygginguna, þykir eigi unnt að taka kröfulið þennan til greina í máli þessu.

Samkvæmt öllu framansögðu verður niðurstaða máls þessa því sú, að sýkna ber stefndu Verklegar framkvæmdir h/f og Byggi h/f, en dæma stefndu Jón Eiríksson, Gunnlaug Halldórsson og Guðmund Kr. Kristinsson in solidum til að greiða stefnanda samtals kr. 33.800.00 (26.800.00 + 7.000.00). Vextir verða dæmdir frá þingfestingardegi, 5. marz 1960, þar sem þeir eru fyrndir fram að þeim degi. Þá verður hæð þeirra dæmd 7 af hundraði frá 29. desember 1960 til 1. janúar 1965, 6 af hundraði frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7 af hundraði frá þeim degi til greiðsludags.

Eftir þessari niðurstöðu ber að dæma stefndu Jón, Gunnlaug og Guðmund til að greiða stefnanda málskostnað, og þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 10.000.00. Er þá tekið tillit til matskostnaðar. Að öðru leyti þykir eftir atvikum rétt að fella málskostnað niður.

Emil Ágústsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Braga Þorsteinssyni verkfræðingi og Diðriki Helgasyni múrarameistara.

Dómsorð:

Stefndu Verklegar framkvæmdir h/f og Byggir h/f eiga að vera sýknir af kröfum stefnanda, Byggingasamvinnufélags Reykjavíkur, í málinu.

Stefndu Jón Eiríksson, Gunnlaugur Halldórsson og Guðmundur Kr. Kristinsson greiði stefnanda einn fyrir alla og allir fyrir einn kr. 33.800.00 með 8% ársvöxtum frá 5. marz 1960 til 29. desember s. á., 7% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966, og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og kr. 10.000.00 í málskostnað.

Málskostnaður fellur að öðru leyti niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 16. febrúar 1968.

Nr. 14/1968. **Ákærvaldið**

gegn

Marteini Andrésí Dalberg.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Dómssátt felld úr gildi.

Dómur Hæstaréttar.

Guðmundur L. Jóhannesson, fulltrúi sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu, hefur framkvæmt hina kærðu dómsathöfn.

Saksóknari ríkisins hefur samkvæmt heimild í 6. mgr. 112. gr. laga nr. 82/1961, sbr. 1. gr. laga nr. 29/1966, skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 26. janúar 1968, sem